

**Ed.**

**489. Nefndarálit**

**[89. mál]**

um frv. til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einn nefndarmanna (SE) áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu við 4. gr. frv. Að öðru leyti eru nefndarmenn sam-  
mála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Enginn má gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.
2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkvæmt 12. gr. ekki fánlegur til starfars eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni.
3. Við 15. gr. Í stað „heitum“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: heilum.

Alþingi, 29. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, Jón Árnason, Sigurvin Einarsson.  
form., frsm. fundaskr.

Bjartmar Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.